



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 24.04.2020
Málsnr. 1607216 GpG

Efni: Stofnræsi Valla. Umsögn vegna athugasemda.

Tillaga að aðal- og deiliskipulagsbreytingum vegna nýs stofnræsis á Völlum voru auglýstar frá 10.3. – 24.04.2020. Á auglýsingartímanum barst ein athugasemd með tölvupósti þann 10. mars sl. frá Bjarna V. Guðmundssyni.

Í því erindi kemur fram að: „Hafnarfjarðarbær hefur ítrekað undanfarin ár gengið mjög svo á ósnortna náttúru í sínu bæjarlandi.“ Í erindinu er lagt til að: „Hafnarfjarðarbær fari í mótvægisáðgerðir vegna þessa og friði annað hraun í staðinn ef bæjarfélagið telur þetta nauðsynlega framkvæmd.“

Sú framkvæmd sem nú er fyrirhuguð hefur verið skoðuð m.t.t. þessara þátta, þ.e. hvaða áhrif slíkar áðgerðir hafa á hið hverfisverndaða hraun. Lögð hefur verið áhersla á að huga sérstaklega að frágangi og að raska sem minnst mögulega hinu hverfisverndaða hrauni við framkvæmdirnar. Lagnaleiðin sem kynnt var kom best út skv. útreikningum um fall og lágmarks halla á leiðslunni. Nýtt stofnræsi er til þess að mæta þeim fjölda íbúa sem nú eru á Völlum og vaxandi byggði í Skarðshlíðinni. Með sjálfrennandi ræsi verður betur tryggt að ekki verði bilanir og að rennslið stöðvist vegna rafmagnsleysis eða annarra tæknilegra vandamála sem verða regluglega í núverandi kerfum þar sem treysta verður á dælur. Á aðal- og deiliskipulagsupphráttum eru sett fram skilyrði er lúta að framkvæmd lagnarinnar. Þar segir: „Þar sem lögnin fer um hverfisverndað hraun skal framkvæmdin ekki raska nálægu hrauni og gengið skal frá yfirborði með þeim hætti að það falli að landslagi og sjónræn umhverfisáhrif framkvæmdanna verði í lágmarki.“

Lýsing vegna tillögu aðal- og deiliskipulagsbreytinga var send til eftirfarandi stofnanna og umsagnar þeirra óskað: Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og kópavogssvæðis. Jafnframt var fornleifaskrá uppfærð er nær til svæðisins.

Engar athugasemdir voru gerðar við fyrirhugaðar framkvæmdir eða staðsetningu lagnarinnar. Hins vegar kom fram í nokkrum umsögnum að áhersla skuli lögð á að lágmarka rask á landi og að fyllsta öryggis skuli gætt á framkvæmdatíma.

Brugðist hefur verið við þeim ábendingum og m.a. segir í útboðsgögnum að unnið verði við lagnaleiðina sem er næst Skarðshlíðarskóla á þeim tíma sem enginn skóli er. Jafnframt að sökum nálægðar við íbúa og nútímahraun sem nýtur verndar skuli verktaki forðast allt óþarfa rask og truflun og tryggja góða umgengni.

Hvað varðar þá athugasemd er snýr að mögulegum mótvægisáðgerðum bæjarins með því að vernda annan hraun í stað þess sem nú verður raskað með lögninni þá er slík ákvörðun sér mál óháð þessu.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt